

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 18. október 2022

Mál nr. E-5170/2021:

## **Sæstjarnan ehf.**

(*Jóhannes Albert Kristbjörnsson lögmaður*)

## **gegn**

## **Íslandsbersa ehf.**

(*Magnús Helgi Árnason lögmaður*)

### **Dómur**

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 29. september 2022, höfðaði Sæstjarnan ehf., [...], með stefnu birtri 29. október 2021, á hendur Íslandsbersa ehf., [...], til útgáfu afsals gegn greiðslu eftirstöðva kaupverðs.
- 2 Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert skylt með dómi að gefa út afsal til stefnanda fyrir skipinu A, skráningarnúmer [...], ásamt öllu því er skipinu fylgir gegn greiðslu 3.500.000 króna. Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.
- 3 Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður, að svo stöddu, af dómkröfu stefnanda um útgáfu afsals til stefnanda fyrir bátnum A. Þá er þess krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.
- 4 Stefndi krafðist þess í greinargerð sinni að máli þessu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði sínum frá 22. mars 2022 hafnaði dómurinn þeirri kröfu.

### **Málsatvik**

- 5 Aðilar máls þessa gerðu með sér kaupsamning 28. ágúst 2019, þar sem stefnandi keypti af stefnda bátinn B. Nafni bátsins var síðar breytt í A. Báturinn er 19,03 tonna plastbátur, 12,78 metrar á lengd, smíðaður á Skagaströnd árið 1990. Í kaupsamningi sagði að bátnum fylgdi netaspil og annað sem í honum hefði verið við skoðun kaupanda 20. ágúst 2019. Þá sagði þar jafnframt að kaupanda væri kunnugt um að báturinn hefði ekki gilt haffærisskírteini, en seljandi myndi aðstoða kaupanda eftir því sem við ætti vegna þess.

- 6 Kaupverð bátsins nam 10.000.000 króna. Þar af voru 2.000.000 króna greiddar inn á vörslureikning C. 23. ágúst 2019. Áður en seljanda yrði greitt, skyldi þó greiða Tollstjóra og Skagastrandarhreppi, vegna fjárnáms sem gert hafði verið og sjá mátti á veðbókarvottorði.
- 7 Stefnanda bar að inna lokagreiðslu kaupverðs af hendi eigi síðar en 1. október 2019. Tvennum sögum fór hins vegar af því samkvæmt kaupsamningnum hvert skyldi greiða þá greiðslu. Annars vegar sagði að eftirstöðvarnar skyldu greiddar inn á tilgreindan bankareikning seljanda, en hins vegar að lokagreiðslu skyldi greiða inn á vörslureikning C. Þar sagði sömuleiðis, efnislega, að áður en stefndi fengi hluta af lokagreiðslunni skyldi vera búið að aflýsa tryggingarbréfi sem á bátnum hvíldi, að fjárhæð 8.000.000 króna.
- 8 Stefnandi greiddi, sem fyrr segir, 2.000.000 króna 23. ágúst 2019. Þá greiddi hann 3.000.000 króna 14. október 2019 og 1.500.000 krónur 17. janúar 2020. Runnu allar þessar greiðslur inn á vörslureikning C. Telur stefnandi að samkvæmt því standi eftir 3.500.000 krónur, sem hann býðst nú til að greiða gegn útgáfu afsals fyrir bátnum.
- 9 Hefur stefnandi jafnframt lýst því að hann hafi áttað sig á því í mars 2020 að milliganga C hafi verið ólögmat, sbr. 2. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Forsvarsmaður stefnanda hafi farið þess á leit við fyrirtækið að það myndi ábyrgjast að ofangreindu tryggingarbréfi yrði aflétt áður en lokagreiðsla yrði greidd. Ekki hafi hins vegar verið orðið við þeirri ósk og því meðal annars borið við að frumrit tryggingarbréfsins myndi ekki. Stefnandi hafi því talið að honum væri nauðugur sá kostur að halda eftir eftirstöðvum kaupsamningsgreiðslu, 3.500.000 krónum, þar til fullvissa væri fyrir efndum stefnda á aflýsingu tryggingarbréfsins.
- 10 Þann 24. júní 2021 barst lögmanni stefnanda tölvupóstur frá lögmanni stefnda, þar sem upplýst var að framangreint tryggingarbréf væri fundið og að bréfið hefði verið sent í aflýsingu. Ekki liggur hins vegar fyrir hvenær tryggingarbréfið fannst, né hvenær það var sent til aflýsingar eða því var endanlega aflýst.
- 11 Stefnandi kveðst ítrekað hafa reynt að ljúka málinu, m.a. með greiðslu eftirstöðva kaupverðs, 3.500.000 krónum, gegn aflýsingu tryggingarbréfsins. Þrátt fyrir það hafi ekki tekist að fá afsal fyrir bátnum útgefið. Stefnandi kveðst hafa skorað á stefnda að mæta til afsalsfundar 28. ágúst 2021, á [...], en ekki mun hafa verið mætt af hálfu stefnda. Aðrar tilraunir stefnanda til að fá afsal útgefið hafi ekki borið árangur. Af

gögnum málsins að ráða er það einkum vegna ágreinings aðila um það hvað skuli gert við veiðiheimildir sem bátnum tilheyra.

### **Helstu málsástæður stefnanda**

- 12 Stefnandi kveðst byggja mál sitt á meginreglu fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga. Hann hafi boðið lokagreiðslu samkvæmt kaupsamningi gegn útgáfu afsals, en stefndi hafi þrátt fyrir það ekki viljað gefa út afsal. Ástæða þess að hann hafi ekki viljað greiða lokagreiðsluna til C. hafi verið sú að sá aðili hafi ekki verið hæfur til að hafa milligöngu um viðskiptin.
- 13 Stefnandi vísar kröfum sínum til stuðnings til meginreglna samninga- og kauparéttar, svo og til ákvæða laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, laga nr. 75/1997 um samningsveð og laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

### **Helstu málsástæður stefnda**

- 14 Stefndi byggir mál sitt á því að aflahlutdeild fylgi skipi við eigendaskipti, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996. Í engu sé vikið að veiðiréttindum í kaupsamningi aðila og svo virðist sem hvorki stefnandi né stefndi hafi gert sér grein fyrir því að báturinn hefði aflað sér veiðiréttinda vegna veiðireynslu stefnda.
- 15 Vísar stefndi til þess að stefnandi hafi öðlast ráðstöfunarrétt yfir bátnum eftir afhendingu hans. Hann sé auk þess kaupsamningshafi. Eigendaskipti hafi hins vegar ekki enn farið fram, þar sem stefndi sé enn afsalshafi og eigandi bátsins.
- 16 Byggir stefndi á því að í dómkröfu stefnanda felist krafa um eigendaskipti og þar með krafa um yfirfærslu veiðiréttinda, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2016. Söluverðmæti umræddra veiðiréttinda sé um 8.000.000 króna, eða um 80% af umsömdu söluverði bátsins.
- 17 Stefndi vísar máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar Íslands frá 14. október 2004, í máli nr. 89/2004. Samkvæmt þeim dómi sé litið svo á að veiðiréttindi, sem stofnist eftir eigendaskipti að skipi, þ.e. eftir útgáfu afsals, en ekki hafi verið vikið að í kaupsamningi, séu eign þess er veiðireynslunnar aflaði, en ekki kaupanda skipsins.
- 18 Þar sem stefnandi hafi ekki fengist til að samþykkja flutning veiðiheimilda bátsins A í makríl af bátnum hafi stefndi ekki getað gefið út afsal fyrir bátnum.
- 19 Telur stefndi að skýra beri ákvæði kaupsamnings aðila um afsalsgerð með hliðsjón af því að stefnandi geti ekki hafa vænst þess að hann fengi aflahlutdeild í makríl, sem

byggð væri á aflareynslu stefnda, afhenta sér án endurgjalds. Af kaupsamningi aðila verði ekki ráðið að vilji seljanda og kaupanda hafi staðið til þess að seld væru eða keypt veiðiréttindi.

### Niðurstaða

- 20 Eins og að framan segir greinir aðila á um það hvort aflahlutdeild bátsins A hafi fylgt með er stefnandi keypti bátinn af stefnda í ágústmánuði 2019. Virðist það vera meginástæða þess að stefndi hefur ekki verið viljugur til þess að gefa út afsal fyrir bátnum gegn greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs.
- 21 Í kaupsamningi aðila frá 28. ágúst 2019 var hinu selda lýst sem B, sem væri plastbátur smíðaður á Skagaströnd 1990, með skipaskrárnúmerið [...] og aðalvél af tiltekinni gerð. Sagði svo í kaupsamningnum: *Með bátnum fylgir netaspil og annað sem var við skoðun kaupanda 20. ágúst 2019.* Hvorki var minnst á að bátnum fylgdu veiðiheimildir, né að þær væru undanskildar við söluna.

### *Um ágreining aðila um veiðiheimildir bátsins*

- 22 Með 2. mgr. 1. gr. laga nr. 46/2019 um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (stjórn veiða á makríl) var lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands breytt á þann veg að inn kom nýtt ákvæði í lögum til bráðabirgða. Var Fiskistofu falið með ákvæðinu að úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í Norðaustur-Atlandshafsmakrílstofninum á grundvelli tíu bestu aflareynsluára þeirra á árunum 2008–2018, að báðum árum meðtöldum. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar skiptist aflahlutdeild í tvo flokka, A- og B-flokka, eftir því hvort skip stunduðu makrílveiðar á viðmiðunartímabilinu með línu og handfærum (B-flokkur) eða með öðrum veiðarfærum (A-flokkur).
- 23 Á grundvelli þessara laga, sem tóku gildi í júní 2019, var tiltekinni aflahlutdeild í makríl, nánar tiltekið 0,0097439% í B-flokki, úthlutað til bátsins A, og byggt á aflareynslu bátsins á framangreindum viðmiðunarárum. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvenær sú úthlutun fór nákvæmlega fram, en upplýst var við aðalmeðferð málsins að úthlutunin hefði farið fram áður en kaupsamningur aðila var undirritaður 28. ágúst 2019.
- 24 Þrátt fyrir framangreint staðfestu fyrirvarsmenn beggja málsaðila við aðalmeðferð málsins fyrir dómi að þeim hefði báðum verið ókunnugt um það, á þeim tíma er kaupsamningur aðila var undirritaður, að bátnum fylgdu veiðiheimildir. Þá staðfestu þeir jafnframt að ekkert hefði verið rætt um það þeirra á milli hvort veiðiheimildir

ættu að fylgja með í kaupunum eða ekki, væru þær á annað borð fyrir hendi. Mátti jafnframt skilja af framburði fyrirsvartsmanna aðila að þeir hefðu báðir talið, á þeim tíma, að bátnum fylgdu engin veiðiréttindi.

- 25 Aðilar eru ekki á einu máli um það hvor þeirra skuli talinn eigandi þeirra veiðiheimilda sem að framan er lýst. Telur stefnandi að þær fylgi bátnum, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórnun fiskveiða. Stefndi telur hins vegar að þessar veiðiheimildir hafi verið undanskildar við söluna, þar sem ekkert hafi verið á þær minnst í kaupsamningi aðila, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands frá 14. október 2004 í máli nr. 89/2004. Veiðiheimildirnar tilheyri þar af leiðandi stefnda en ekki stefnanda.
- 26 Af málalíbúnaði stefnda má ráða að hann telur sig enn vera eiganda bátsins, sem afhentur var stefnanda í byrjun september 2019, þar sem afsal hafi ekki enn verið gefið út. Fiskistofa neiti því hins vegar að samþykkja flutning framangreindra veiðiheimilda af bátnum nema með samþykki stefnanda sem kaupsamningshafa. Stefnandi hafi ekki viljað veita slíkt samþykki og því geti stefndi ekki gefið út afsal. Telur hann, með öðrum orðum, að með útgáfu afsals væri hann að afhenda stefnanda frekari verðmæti en hann hafi keypt, samkvæmt kaupsamningi aðila, þar sem af afsalinu leiddi að stefnandi gæti ráðstafað veiðiheimildunum sem afsalshafi bátsins, þ.e. veiðiheimildum sem stefndi telur að séu sín eign en ekki stefnanda.

*Um ákvæði laga um stjórnun fiskveiða og dóm Hæstaréttar í máli nr. 89/2004*

- 27 Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórnun fiskveiða fylgir aflahlutdeild fiskiskipi, nema aðilar geri skriflegt samkomulag um annað. Skilningur aðila á þessu ákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna er ólíkur. Stefnandi lítur svo á að þar sem ekki hafi verið samið um það sérstaklega að veiðiheimildir væru undanskildar við söluna hafi þær, í samræmi við ofangreinda meginreglu, fylgt með í kaupunum. Stefndi lítur á hinn bóginn svo á að þar sem ekki komi fram í kaupsamningi aðila að veiðiheimildir skyldu fylgja bátnum beri að líta svo á að aðilar hafi samið um það sín á milli að veiðiheimildir ættu ekki að fylgja með í kaupunum, sbr. framangreint lagaákvæði.
- 28 Báðir málsaðilar hafa vísað til dóms Hæstaréttar Íslands frá 14. október 2004 í máli nr. 89/2004 til stuðnings framangreindum sjónarmiðum sínum. Í því máli háttaði svo til að bátur hafði verið seldur og sérstaklega tekið fram í kaupsamningi að tilgreindar veiðiheimildir fylgdu með í kaupunum. Deila aðila laut að viðbótarúthlutun

veiðiheimilda, sem til komu eftir útgáfu afsals, en byggðust á veiðireynslu bátsins á meðan hann var enn í eigu seljanda bátsins. Krafðist seljandi bátsins aðallega framsals þeirra veiðiheimilda sem voru umfram þær veiðiheimildir sem nefndar voru sérstaklega í kaupsamningnum, en til vara að kaupanda bátsins yrði gert að greiða honum skaðabætur vegna viðbótarveiðiheimildanna.

- 29 Samkvæmt röksemdafærslu Hæstaréttar í málinu þótti niðurstaða málsins velta á því hvort af kaupsamningi aðila mætti ráða að þeir hefðu samið um annað en að aflahlutdeild ætti að fylgja með í kaupum bátsins. Vísaði Hæstiréttur til þess að ekki yrði annað ráðið af samningnum en að ætlun aðila hefði verið sú að kveða þar á um skiptingu aflaheimilda bátsins til fullnustu, í eitt skipti fyrir öll. Hefði kaupandi bátsins því ekki getað vænst þess að hann fengi ári síðar tilgreinda aflahlutdeild, sem byggð væri á aflareynslu seljandans. Seljandi bátsins hefði samkvæmt því átt rétt á viðbótarúthlutuninni, en ekki kaupandi bátsins. Með þeim rökum var skaðabótakrafa seljandans tekin til greina.
- 30 Það sem skilur það mál sem hér er til meðferðar frá því máli sem dæmt var í Hæstarétti 14. október 2004 er meðal annars það að grundvöllur þessara tveggja mála er gjörólíkur, sem og kröfugerð aðila. Þá höfðu aðilar í því máli sem vísað hefur verið til samið um það sérstaklega í kaupsamningi að tilgreindar veiðiheimildir skyldu fylgja með í kaupunum, en svo er ekki hér, þar sem upplýst er að veiðiheimildir hafi ekki verið ræddar í aðdraganda kaupa eftir því sem aðilar segja. Loks átti úthlutun þeirra veiðiheimilda sem um var deilt í dómi Hæstaréttar í máli nr. 89/2004 sér stað eftir að afsal hafði verið gefið út, en í þessu máli voru veiðiheimildirnar fyrir hendi er kaupsamningur var gerður, án þess að aðilum væri um þær kunnugt. Afsal hefur raunar ekki enn verið gefið út.

*Um sakarefni málsins, málsgrundvöll og kröfugerð aðila*

- 31 Samkvæmt reglum einkamálaréttarfars er grundvöllur lagður að einkamáli með stefnu, en grundvöllur máls samkvæmt stefnu ræður meðal annars vörnum gagnaðila í greinargerð. Er stefnandi máls að meginstefnu til bundinn af þeim málsgrundvelli sem hann hefur sjálfur markað með stefnu og verður þeim grundvelli að jafnaði ekki breytt á síðari stigum nema með samþykki gagnaðila.
- 32 Skilja verður málalíbúnað stefnanda þannig, að hann telji að það tímamark sé komið að stefnda beri að gefa stefnanda afsal fyrir bátnum, gegn móttöku á eftirstöðvum kaupverðs, 3.500.000 krónum, án tillits til þess ágreinings um veiðiheimildir bátsins

sem að framan greinir. Byggir hann þá kröfu sína á meginreglu fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga. Grundvöllur málsins lýtur þannig að því, samkvæmt stefnu, hvort þau skilyrði hafi skapast að stefnda beri að gefa út afsal fyrir bátnum A, þar sem stefnandi hafi efnt kaupsamning aðila fyrir sitt leyti.

- 33 Skilja verður málatilbúnað stefnda þannig að hann telji að það tímamark sé ekki komið að honum beri að gefa út afsal stefnanda til handa, gegn móttöku umræddrar greiðslu, þar sem enn sé eftir að færa tilgreindar aflaheimildir af bátnum, sem tilheyri stefnda en ekki stefnanda. Þar sem stefnandi skirrist við að veita samþykki sitt fyrir slíku sé ekki hægt að færa aflaheimildirnar af bátnum og því sé ekki hægt að gefa út afsal stefnanda til handa, án tillits til þess hvort stefnandi hafi greitt kaupverðið að fullu eða ekki.
- 34 Stefndi hefur ekki gagnstefnt stefnanda, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann hefur samkvæmt því ekki gert neinar kröfur á hendur stefnanda í málinu vegna þeirra veiðiheimilda sem bátnum A fylgdu, til að mynda um að stefnanda verði gert skylt að framselja þær veiðiheimildir til stefnda eða um greiðslu skaðabóta vegna meints tjóns. Þá hefur stefndi eigi heldur krafist þess að kaupverði í kaupum aðila verði breytt, til að mynda á þeim forsendum að stefnandi hafi fengið, eða að hann myndi fá, meiri verðmæti en hann hafi greitt fyrir. Umsamið kaupverð sé af þeim sökum ósanngjarnt í garð stefnda.
- 35 Eins og málið liggur fyrir dóminum af hálfu aðila snýst það samkvæmt framansögðu um það hvort stefnandi eigi rétt á afsali fyrir bátnum A, þar sem hann hafi efnt kaupsamning aðila fyrir sitt leyti. Í því samhengi þarf að leysa úr því hvort stefnandi hafi fullnægt skyldum sínum samkvæmt kaupsamningnum, þ.m.t. skyldu sinni til að greiða kaupverð bátsins. Jafnframt þarf að leysa úr því hvort það geti komið í veg fyrir útgáfu afsals, jafnvel þótt stefnandi teldist hafa fullnægt öllum þeim skyldum sem tilgreindar eru í kaupsamningnum sjálfum, þ.m.t. með greiðslu kaupverðsins, að enn sé eftir að leysa úr ágreiningi aðila um þær veiðiheimildir sem bátnum tilheyrðu, eins og stefndi heldur fram.

*Um kaupsamningsskyldur aðila og það hvort ágreiningur um veiðiheimildir geti komið í veg fyrir útgáfu afsals*

- 36 Meginskyldur stefnanda samkvæmt kaupsamningi aðila, sem kaupanda bátsins, fólust í því að greiða kaupverðið á tilskyldum tíma. Meginskyldur stefnda sem seljanda bátsins fólust í því að afhenda stefnanda hið selda, í því ástandi sem áskilið

var samkvæmt kaupsamningi, gegn greiðslu kaupverðsins, svo og að gefa út afsal er lokagreiðsla hefði verið innt af hendi. Upplýst er í málinu að kaupverðið hefur ekki enn verið greitt að fullu. Afhending bátsins fór fram í byrjun september 2019, en afsal hefur hins vegar ekki enn verið gefið út.

- 37 Samkvæmt kaupsamningi aðila var það ekki sett sem skilyrði, eða gert að forsendu fyrir útgáfu afsals, að stefnandi hefði áður samþykkt framsal og flutning veiðiheimilda af bátnum til stefnda. Eina skilyrðið, sem þar var sett fyrir útgáfu afsals fyrir bátnum, var að stefnandi hefði áður innt af hendi lokagreiðslu kaupverðsins, þannig að kaupverðið væri að fullu greitt, þ.e. 10.000.000 króna. Að því virtu og óháð því hvort stefndi teljist vera réttmætur réttthafi hinna umdeildu veiðiréttinda eða ekki, þá getur dómurinn ekki fallist á það með stefnda að það sé forsenda afsals að stefnandi samþykki áður flutning veiðiheimilda bátsins í makríl.
- 38 Þegar af þeirri ástæðu, svo og að virtum grundvelli málsins samkvæmt stefnu og kröfugerð aðila, er óþarft að mati dómsins að taka afstöðu til þess, í því máli sem hér er til úrlausnar, hvort hin umdeildu veiðiréttindi hafi átt að fylgja með í kaupunum til stefnanda eða ekki, eða hvort þau hafi átt, eða ættu, að flytjast yfir til stefnda, eins og hann heldur fram. Þessi ágreiningur aðila fellur með öðrum orðum utan við sakarefni málsins, eins og það hefur verið afmarkað af aðilum þess.
- 39 Samkvæmt framansögðu verður það að bíða seinni tíma að leysa úr ágreiningi aðila um það hvor þeirra hafi átt að verða, eða eigi að vera, eigandi þeirra veiðiheimilda sem bátnum fylgdu, og þá eftir atvikum hvort stefndi gæti átt kröfu á stefnanda vegna þess, til að mynda á þeim forsendum að stefnandi hefði eignast veiðiheimildir sem hann hefði ekki átt rétt til samkvæmt kaupsamningi aðila, sbr. til að mynda dóm Hæstaréttar í máli nr. 89/2004, sem rakinn er hér að framan.
- 40 Að öllu framangreindu virtu getur það ekki komið í veg fyrir útgáfu afsals að mati dómsins að stefnandi hafi ekki samþykkt framsal og flutning umræddra veiðiheimilda af bátnum A. Þá getur það eigi heldur seinkað eða fyrirbyggt útgáfu afsals að stefnandi muni fá umráð nefndra veiðiheimilda við útgáfu afsals, enda aðrar leiðir til að leysa úr ágreiningi aðila um það hvorum veiðiheimildirnar tilheyri og hvort þær hafi átt að fylgja með í kaupum aðila eða ekki, sbr. það sem að framan segir og ofangreindan dóm Hæstaréttar.

*Um það hvort stefnandi hafi fullnægt skyldu sinni til að greiða kaupverðið*

- 41 Upplýst er, sem fyrr segir, að stefnandi hefur ekki enn innt af hendi lokagreiðslu vegna kaupa á bátnum, sem honum bar samkvæmt kaupsamningi aðila að inna af hendi eigi síðar en 1. október 2019. Stefnandi hefur hins vegar krafist afsals, gegn greiðslu á 3.500.000 krónum, til viðbótar við þær 6.500.000 krónur sem þegar hafa verið greiddar. Stefnandi býðst með öðrum orðum til að greiða ógreiddar eftirstöðvar kaupverðs samkvæmt kaupsamningi, 3.500.000 krónur, gegn útgáfu afsals.
- 42 Samkvæmt kaupsamningnum bar stefnanda, eins og áður segir, að greiða kaupverð bátsins í tvennu lagi, þ.e. með upphafsgreiðslu 23. ágúst 2019 og eftirstöðvar eigi síðar en 1. október 2019. Báðar greiðslurnar skyldu greiddar inn á vörslureikning C. Afsal skyldi gefið út er lokagreiðsla hefði verið innt af hendi. Einnig var um það samið að áður en stefnda yrði greitt skyldi vera búið að aflýsa tryggingarbréfi frá þriðja aðila að fjárhæð 8.000.000 króna, sem hvíldi á bátnum.
- 43 Stefnandi innti fyrstu greiðsluna, 2.000.000 króna, af hendi á tilskyldum tíma, 23. ágúst 2019. Hann greiddi næst 3.000.000 króna 14. október 2019 og loks 1.500.000 krónur 17. janúar 2020. Samkvæmt því standa 3.500.000 krónur eftir af þeim 10.000.000 króna sem kaupsamningur aðila kvað á um, sem stefnandi býðst til að greiða nú, gegn útgáfu afsals. Þá greiðslu, sem og þær greiðslur sem inntar voru af hendi 14. október 2019 og 17. janúar 2020, hefði stefnandi, sem fyrr segir, átt að greiða eigi síðar en 1. október 2019 samkvæmt kaupsamningi aðila.
- 44 Fyrirsvarsmáður stefnda gaf skýrslu fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins. Í skýrslu hans kom meðal annars fram að hann hefði ákveðið að gefa stefnanda árs greiðslufrest, umfram það sem kveðið hafi verið á um í kaupsamningi aðila. Verður að leggja þann framburð til grundvallar dómi í málinu, sbr. 45. gr. og 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður samkvæmt því við það miðað við úrlausn málsins að stefnanda hafi borið að greiða eftirstöðvar kaupverðsins eigi síðar en 1. október 2020, í stað 1. október 2019.
- 45 Stefnandi hefur, sem fyrr segir, ekki enn greitt 3.500.000 krónur af kaupverðinu. Hefur hann skýrt greiðsludrátt sinn með þeim hætti, að hann hafi áttað sig á því að C, sem átti að vera móttakandi umræddra greiðslna og vörsluaðili þeirra, hafi ekki haft réttindi til að vera milligönguaðili við umrædd kaup. Við munnlegan flutning málsins fyrir dómi kom jafnframt fram að stefnandi hefði haldið þessum hluta kaupverðsins eftir til að þrýsta á um útgáfu afsals.

- 46 Að mati dómsins verður greiðsludráttur stefnanda ekki réttlættur með því að stefnandi hafi talið að C hefði ekki haft réttindi til að hafa milligöngu um kaupin, enda um ótengd mál að ræða. Þá er einnig til þess að líta að stefnandi greiddi samtals 4.500.000 krónur til fyrirtækisins 14. október 2019 og 17. janúar 2020. Þegar af þessum ástæðum verður greiðsludráttur stefnanda, að mati dómsins, ekki réttlættur með því að hann hafi vantroyst fyrirtækinu eða að fyrirtækið hafi ekki mátt koma að umræddum viðskiptum.
- 47 Þessu til viðbótar verður að telja að aðrar leiðir hafi verið færar fyrir stefnanda til að koma greiðslu til stefnda á réttum tíma, hafi stefnandi séð tormeiki á því að greiða eftirstöðvar kaupverðsins inn á vörslureikning hjá C. Í versta falli hefði stefnandi getað lagt eftirstöðvar kaupverðsins inn á geymslureikning í samræmi við ákvæði laga nr. 9/1978 um geymslufé, teldust aðrar leiðir ekki vera færar til þess að greiða kaupverðið.
- 48 Greiðsla eftirstöðva kaupverðsins var auk þess ekki bundin við það, samkvæmt kaupsamningi aðila, að samhliða henni skyldi gefið út afsal, heldur bar að greiða hana fyrir tiltekið tímamark. Afsal skyldi svo gefið út er greiðslan hefði verið innt af hendi. Þannig skyldi greiðslan berast fyrst og afsalið svo gefið út. Greiðsludráttur stefnanda verður samkvæmt því ekki réttlættur með því að hann hafi viljað halda hluta eftir til að þrýsta á um að afsal yrði gefið út honum til handa.
- 49 Stefnandi hefur ennfremur borið því við að hagsmunir hans hafi ekki verið tryggðir með því að inna lokagreiðsluna af hendi, hvort sem það hefði verið til stefnda eða C, þar sem 8.000.000 tryggingarbréfi, sem á bátnum hvíldi, hefði ekki verið aflýst. Á það getur dómurinn ekki fallist. Af kaupsamningnum má ráða að C hafi átt að halda á kaupverði bátsins þar til skilyrði hefðu skapast til þess að greiða andvirði bátsins til stefnda sem seljanda hans. Fyrirtækið hefði samkvæmt því og óháð öllu öðru ekki mátt greiða stefnda kaupverðið fyrr en tryggingarbréfinu hefði verið aflétt af bátnum.
- 50 Þá er einnig til þess að líta að jafnvel þótt greiðsla frá C til stefnda hafi verið háð því skilyrði að tryggingarbréfinu hefði áður verið aflýst gildi annað um greiðslu stefnanda til vörsluaðilans. Sú greiðsla var ekki háð slíkum fyrirvara eða skilyrði. Teldi stefnandi meinbugi á því að greiða eftirstöðvarnar til C hefði hann, sem fyrr segir, getað lagt greiðsluna inn á geymslureikning, með tilgreindum skilyrðum fyrir því að greiðslan yrði afhent stefnda.

- 51 Að öllu framangreindu virtu verður að telja að skylda stefnanda til að greiða eftirstöðvar kaupverðs samkvæmt kaupsamningi aðila, þ.e. 3.500.000 krónur, hafi orðið virk þann 1. október 2020, að teknu tilliti til yfirlýsingar forsvarsmanns stefnda fyrir dómi. Verður jafnframt að telja að stefnanda hafi borið að greiða þennan hluta kaupverðsins án sérstakrar kröfu frá stefnda.
- 52 Þá verður ekki séð að greiðsludráttur stefnanda verði réttlættur með þeim atriðum sem rakin eru hér að framan. Engu breytti þótt tryggingarbréfinu hefði ekki verið aflýst, þar sem stefnanda bar að greiða eftirstöðvar kaupverðsins án tillits til þess, þ.e. inn á vörslureikning. Þá hefði stefnandi í öllu falli getað lagt greiðsluna inn á geymslureikning, sbr. lög nr. 9/1978, og þannig losnað undan greiðsluskyldu sinni. Þar hefði greiðslan þá beðið þar til búið væri að aflétta umræddu tryggingarbréfi af bátnum.
- 53 Framangreindur hluti kaupverðsins, 3.500.000 krónur hefur, eins og áður segir, ekki verið greiddur enn. Byðst stefnandi, sem fyrr segir, til að greiða þennan hluta kaupverðsins nú, gegn því að fá afsal gefið út fyrir bátnum A. Ekki verður séð að stefndi hafi krafist vaxta af þessari fjárhæð. Stefnandi hefur sömuleiðis ekki boðist til að greiða vexti.
- 54 Þótt ekki sé vikið að því sérstaklega í þeim kafla greinargerðar stefnda þar sem fjallað er um málsástæður hans til stuðnings kröfu hans um sýknu að svo stöddu er til þess að líta að vikið er að skorti á vaxtaútreikningi í kafla um frávísunarkröfu stefnda. Að þessu atriði var sömuleiðis vikið við munnlegan flutning málsins fyrir dómi. Verður samkvæmt því að líta svo á að stefndi byggji andmæli sín gegn málatilbúnaði stefnanda meðal annars á því að rétt uppgjör hafi ekki farið fram, þ. á m. uppgjör vaxta vegna greiðsludráttar stefnanda.
- 55 Að teknu tilliti til framangreinds og að virtum atvikum málsins er ekki hægt að slá því föstu að greiðsla stefnanda á 3.500.000 krónum uppfylli þá kröfu að teljast fullnaðargreiðsla á eftirstöðvum kaupverðs. Eru þegar af þeim ástæðum ekki forsendur til að mæla svo fyrir að stefndi skuli gefa út afsal fyrir bátnum A gegn móttöku á nefndri greiðslu.
- 56 Samkvæmt framansögðu er að mati dómsins ekki fullnægt ákvæðum kaupsamnings aðila til að skylda stefnda til að gefa út afsal fyrir bátnum verði virk, þar sem lokagreiðsla kaupverðs hefur ekki enn átt sér stað og óljóst hvort sú greiðsla sem boðin er geti talist fullnaðargreiðsla á eftirstöðvum kaupverðs samkvæmt

kaupsamningi aðila. Verður því ekki hjá því komist að sýkna stefnda að svo stöddu af kröfu stefnanda um að honum verði gert að gefa út afsal fyrir bátnum, gegn greiðslu á 3.500.000 krónum.

- 57 Með vísan til allra atvika málsins og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að aðilar beri, hvor um sig, eigin málskostnað í málinu.
- 58 Af hálfu stefnanda flutti málið Jóhannes Albert Kristbjörnsson lögmaður.
- 59 Af hálfu stefnda flutti málið Magnús Helgi Árnason lögmaður.
- 60 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Íslandsbersi ehf., er sýkn að svo stöddu af kröfu stefnanda, Sæstjörnunnar ehf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður á milli aðila.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson